



Frétt nr. 1/2018

19.1.2018

Leiðandi hagvísir Analytica – Fiskafli og væntingar leiða hækkun


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) hækkaði í desember fimmta mán. í röð, nú um 0,4%. Vísbendingar eru um að hagvöxtur aukist á ný snemma á þessu ári.

Fimm af sex undirliðum hækka frá í nóvember. Mesta framlag til hækkunar mælist í verðmæti fiskafli og væntingavísitölu. Langtímauppleitni mikilvægra undirþátta er enn sterk. Áfram eru áhættuþættir í ytra umhverfi sem ógnað gætu hagvexti einkum tengdir stöðunni í alþjóðastjórnmalum.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um efnahagsumsvif að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitölnunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100




Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.

Á mynd 1 er grár þríhyrningur sem gefur til kynna mat á vendipunkti í leiðandi hagvísinum til lækkunar sem mælist í mars 2016 en nú hefur bæst við hvítur þríhyrningur vegna vendipunktar í júlí sl. sem gefur til kynna mögulegan vendipunkt til aukinnar landsframleiðslu snemma á næsta ári.

Á mynd 2 má sjá spá Analytica um þróun landsframleiðslu sem byggð er á leiðandi hagvísi eftir að búið er að hliðra hagvísinum fram um sex mánuði. Tilgangur myndarinnar er að setja leiðandi hagvísi Analytica sem birtur er á mynd 1 í samhengi við landsframleiðslu. Eins og sjá má jókst landsframleiðsla á ný á 3. ársfj. Undirliggjandi langtímauppleitni er áfram sterk.

Mynd 2. Verg landsframleiðsla (VLF) og spá Analytica fram á árið 2018

Ma. kr. pr. mán. - Verðlag 2005



Ath.: VLF tölur Hagstofu Íslands fyrir 2015, 2016 og 2017 eru bráðabirgðatölur.

Á mynd 2 er búið að deila ársfjórðungslegum tölum Hagstofu Íslands um landsframleiðslu niður á mánuði. Tölurnar eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. Með árstíðaleiðréttuninni er leiðrétt fyrir sveiflum sem hafa tilhneigingu til að endurtaka sig á sama tíma árlega. Með jöfnuninni eru síðar burt óreglulegar skammtímasveiflur í því skyni að auðveldara sé að bera kennsl á undirliggjandi þróun.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í desember hækka þrjú af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í nóv. hækka fimm af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni. Hagvísirinn gefur áfram vísbendingu um hagvöxt yfir langtímaleitni næstu mánuði.

Leiðandi hagvísir Analytica hækkar um 0,4% í desember og tekur gildið 101,9, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í júní 2018. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2016-2017







	Vísitala	Breyting (%)		Vísbending fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
2016				
desember	99.9	-0.4%	-1.0%	júní 2017
2017				
janúar	99.6	-0.3%	-1.4%	júlí
febrúar	99.6	0.0%	-1.4%	ágúst
mars	99.7	0.1%	-1.3%	sept.
apríl	99.5	-0.2%	-1.4%	okt.
maí	99.2	-0.3%	-1.7%	nóv.
júní	98.9	-0.3%	-2.0%	des.
júlí	98.8	-0.1%	-2.0%	jan. 2018
ágúst	99.2	0.5%	-1.5%	feb.
september	100.0	0.8%	-0.7%	mars
október	100.8	0.8%	0.3%	apríl
nóvember	101.5	0.6%	1.2%	maí
desember	101.9	0.4%	2.0%	júní

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir janúar er áformuð 27/2 2018.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Prósentubreyting frá fyrra ári *



Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannaþjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurlflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.







Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Mynd V2 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni

**Skýringar:**

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurlugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfirmi á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá Market Technicians Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfa- viðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>